

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla

Afhending Foreldraverðlauna Heimilis og skóla er hápunktur starfsseminar hjá samtökunum sem kunngjörð eru í byrjun sumars á ári hverju. Foreldraverðlaunin eru fastur liður í starfsemi Heimilis og skóla og á vorin ríkir mikil eftirvænting þegar samtökunum berast tilnefningar um fjölmörg áhugaverð verkefni sem sýna hve gott starf er unnið úti á vettvangi í skólum landsins og nærsamfélaginu.

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla voru veitt í fjórtánda sinn þann 4. júní síðastliðinn. Aðalmarkmiðið með veitingu verðlaunanna er að vekja athygli á því á gróskumikla starfi sem unnið er á fjölmörgum sviðum í leik-, grunn- og framhaldsskólum landsins og miða að því að tengja saman alla hagsmunaaðila í þeim tilgangi að styðja betur við starf barnanna okkar. Við veitingu verðlaunanna er sérstaklega litið til verkefna sem hafa eflt samstarf foreldra og skólastarfsmanna og komið á uppbyggjandi hefðum í samstarfi þessara aðila.

Öll verkefni **sem stuðla að** auknu samstarfi heimila, skóla og nærsamfélagsins hafa áhrif á líðan og námsárangur nemenda. Við foreldrar viljum með þessum verðlaunum vekja athygli á því sem vel er gert og gera það sem í okkar valdi stendur til að miðla þeim og kynna þau öðrum til hvatningar.

Allar tilnefningarnar eru klár vísir að því öflugra starfi sem margar hendur eru að vinna um land allt til eflingar tengsla heimila, skóla og samfélagsins. Fyrir okkur hjá Heimili og skóla gefa þessar tilnefningar okkur enn frekari vissu um hversu mikilvægt það er að draga reglulega fram í sviðsljósið þetta mikilvæga starf, **með þeim hætti sem gert er með veitingu verðlauna sem þessa**. Allir þeir sem tilnefndir eru geta svo sannarlega verið **stoltir** af verkum sínum og eru öðrum **hvatning til eftirbreytni**.

Í foreldrasamfélaginu er mannauður sem okkur er skylt að virkja og ekki síst í árferði sem þessu. Við þurfum öll að standa saman og standa vörð um lífsgæði barna okkar, stuðla að því að efla fjölskyldugildin í samfélaginu og auka gæði samveru fjölskyldunnar. Mikilvægt er að horfa til þeirra tækifæra sem bjóðast í samfélaginu til að styrkja gömlu góðu gildin og leyfa mannauðinum að njóta sín.

Foreldra, ömmur og afar eru auðlind, auðinn þarf að nýta og ýmsar þátttökuleiðir eru í boði. Meðal annars með hvatningu til foreldra um að taka meiri þátt í skólastarfi barnanna, í íþróttum, og tómstundastarfi eða með spjalli um lífið og tilveruna. Þátttaka foreldra eykur vellíðan nemenda í skóla og bætir námsárangur, það sýna niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið á líðan og högum íslenskra barna. Hver **samverustund er dýrmæt**, hún er ekki mæld í mínútum eða klukkustundum, það eru **gæði** samverunnar sem skipta máli.

Góðir skólar koma aldrei í stað foreldra því foreldrar eru áhrifamestu fyrirmyndir barna sinna. Eins og máltækið segir – **lengi býr að fyrstu gerð**. Framundan eru mörg sóknarfæri fyrir okkur foreldra og þau skulum við nýta vel í þágu barnanna. Börnin eru framtíð landsins og það er skylda okkar foreldra að bera ábyrgð á velferð þeirra. Það gerum við með því að taka þátt í leik þeirra og starfi.

Stuðlum saman að því að byggja upp barnvænt samfélag.

Sjöfn Þórðardóttir

Formaður Heimili og skóla